



Viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs og háلكuvarna í Strandabyggð

1. Almenn markmið

Markmið með snjómokstri og háلكueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís valda einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi og tryggja öryggi íbúa að með aðgengi að alfaraleiðum og þéttbýliskjarna. Snjómokstri og háلكueyðingu er stjórnað af Strandabyggð og Vegagerðinni.

Starfsmenn áhaldahúss sjá um að meta hvort götur séu færar vetrarbúnum bílum.

2. Strandabyggð utan Hólmavíkur

Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda utan Hólmavíkur:

1. Fastur mokstur Vegagerðarinnar: Vegagerðin moka Djúpvog sunnan og norðan Hólmavíkur (61) daglega og Innstrandaveg (68) fimm sinnum í viku (mánudag til föstudags). Á Steinadalsvegi 690-12 og á Snæfjallastrandavegi er helmingamokstur að fengnu samþykki og samráði Strandabyggðar og Vegagerðar, sbr. lið 2.
2. Heimreiðar að bæjum þar sem er lögheimili og föst búseta, skuli mokaðir án endurgjalds einu sinni í viku og skulu ábúendur hafa samband við forstöðumann áhaldahúss sveitarfélagsins sé óskað eftir mokstri
 - a. Hægt er að biðja um mokstur ef heimreið er ekki fær vetrarbúnum bílum eða kominn er þæfingur samkvæmt skilgreiningu Vegagerðarinnar
 - b. Aðeins verður mokað ef veðurútlit og aðstæður tryggja að mokstur skili tilætluðum árangri í lengri tíma, en sé ekki framkvæmdur ef veðurhorfur eru slæmar eða útlit fyrir að ávinningur moksturs sé óverulegur eða enginn til lengri tíma
 - c. Mokstur samkvæmt lið a) á skal inntur af hendi í tengslum við mokstur sbr. lið 1., sé þess frekast kostur
3. Ónýttur mokstur færast ekki milli tímabila

Strandabyggð mun þrátt fyrir þessi ákvæði halda opnum heimreiðum að bæjum þar sem skólaakstur grunn-, leik- og tónskólabarna fer fram

3. Strandabyggð innan Hólmavíkur



Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda innan Hólmavíkur:

Snjómokstur innan Strandabyggðar skal byggjast á forgangsröðun, sem tengist staðsetningu stofnanna og mikilvægis umferðar um vissar götur. Sú forgangsröðun sem snjómokstur byggir á í dag er eftirfarandi:



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI




STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410
SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGÐ@STRANDABYGGÐ.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGÐ.IS



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI



Útskýringar:

Rauður = Verktakar moka eftir þörfum í samráði við áhaldahús

Grænn = byrjað á að moka þ.e. Grunnskólinn, leikskólinn og Heilbrigðisstofnun

Gulur = aðrar götur

Fjólublár = gangstéttir forgangur

Blár = aðrar gangstéttar

Strandabyggð sér um snjómokstur gatna innan Hólmavíkur. Félagsþjónustan getur óskað eftir mokstri í þágu skjólstæðinga sinna, þ.e. aldraðra og öryrkja. (Mokstur vegna öryrkja og aldraðra er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.)

Forgangsröðun og tíðni snjómoksturs:

1. Heilbrigðisstofnanir. Moka skal alla daga ef þess er þörf.
2. Grunn- og tónskóli og leikskóli. Moka skal alla virka daga, nema ef skólahaldi er aflýst af skólastjóra.
3. Annar snjómokstur. Annar snjómokstur skal vera sem hér segir:
 - a. Íþróttamiðstöð og sundlaug: alla virka daga.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

- b. Skeiði, plássið, hafnarsvæði, þróunarsetur: Alla virka daga. Hafnarsvæði skal þó mokað þegar bátar eru á sjó/löndun, sé þess þörf.
- c. Íbúðargötur: Alla virka daga.
- d. Gangstéttar, gönguleiðir og opin svæði: Eftir þörfum og mati starfsmanna áhaldahúss.
- e. Hálkuverja skal gönguleiðir skólabarna á skólatíma eftir þörfum og mati starfsmanna áhaldahúss.
- f. Mokað frá slökkvistöð/lögreglustöð, eftir þörfum og mati starfsmanna áhaldahúss.
- g. Heimilt er að opna götur um helgar séu aðstæður á þann hátt.

Ávallt skal því haldið opnu að moka þegar um er að ræða jarðarfirir, skemmtanir eða aðra viðburði í samfélaginu.

Strandabyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis sveitarfélagsins að undanskildu ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því. Framantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis starfsmanna áhaldahúss og/eða sveitarstjóra.

Reglur þessar miðast við meðalsnjóalög.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 11.janúar 2022

Jón Gísli Jónsson
oddviti